

86.fundur Hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 5.maí 2015 kl.18:15

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Sigrún Elva Briem og Páll Árdal. Sigurður Magnússon er fjarverandi.

**1. Stjórn starfsárið 2015-2016**

Þeir sem mættir eru kjósa Berglindi Rafnsdóttur sem formann og ritara og mun Páll verða skólaráðsfulltrúi okkar. Fundir verða áfram fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 18:15 og verða haldnir í Glerárskóla, verði því komið við.

**2. Erindi frá íbúa**

Valdís Anna í Höfðahlíð sendir bréf til hverfisnefndar 17.apríl þar sem hún fjallar um hraða bifreiða í götunni sinni og spyr hvort beiðni hafi verið send frá hverfisráðinu um ráðstafanir gegn þessum hraða í hringnum og hvort svör hafi borist vegna uppsetningu 30 km skilta. Formaður svarar Valdísi sama dag og erindið berst á þann veg að hverfisnefndin hafi ítrekað óskað eftir fleiri 30 km merkjum en það hafi engan árangur borið og að einnig hafi verið kvartað undan hraða strætó í Höfðahlíðinni og Valdísi verði leyft að fylgjast með þessari baráttu hvefisnefndar.

**3. Gönguferð bæjarfulltrúa og trúnaðarmanna Sjálfstæðisflokksins**

Formaður leggur fram auglýsingu um gönguferð bæjarfulltrúa og fleiri um hverfið okkar sem á vera 13.maí og hittast við Glerárskóla. Hvetur formaður alla nefndarmenn til að reyna að komast í gönguna.

**4. Nefndarbreyting**

Formaður tekur að sér að tilkynna nýja stjórn og senda til Dagnýjar.

**5. Frisbee völlum**

Þann 27.apríl sendir Jón Birgir Gunnlaugsson, forstöðumaður umhverfismála/framkvæmdamiðstöðvar okkur tillögur að staðsetningu frisbee vallar. Berglind svarar strax hvort aðrar leiðir séu í boði, þar sem 3 síðustu holurnar fara yfir Skarðshlíðina og talið ekki mjög barnvænt. Sigurður pressar á að völluminn sé tilbúinn fyrir verslunarmannahelgina. Nefndin vill endilega breyta staðsetningunni og ætlar að leita leiða til að lagfæra völluminn.

Fleira ekki rætt og næsti fundur ákveðinn í byrjun skólaárs í september.

Óskum hverfisbúum góðs sumars

**Þann 6.maí kom fundarboð:**

Sæl öll. Framkvæmdaráð óskar eftir að hitta formenn eða fulltrúa hverfisnefnda/ráða til að ræða verkefni sem þið hafið valið til framkvæmda 2015.

Þetta er fundur núna á föstudaginn 8.maí milli 11 og 12. Hver af ykkur getur mætt og/eða langar til þess ?

Helgi og Berglind sátu þennan fund og var helst rætt um hvort fjárveitingin væri að gera sig fyrir hverfisnefndir, hvort þær væru sáttar við framsetningu umhverfisfjárins og hvort vel væri haldið utanum notkun þess. Að sjálfsgöðu var óskað enn og aftur eftir staðfestingu á notkun fjárins, skiptingu og hvað sé eftir á hverjum tíma fyrir sig.